

## *Innviðaráðuneytið*

---

### *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri**  
Sendandi: **Guðni Geir Einarsson/Gústav Aron Gústavsson**  
Dagsetning: **17.05.2023**  
Málsnúmer: **IRN23030026**  
Bréfalykill: **7.15.1**

Efni: Hámarkstekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps og framlög úr Jöfnunarsjóðis

Samkvæmt 2 mgr. 18. gr. tekjustofnalaga þá skal ekki úthluta jöfnunarframlögum til þeirra sveitarfélaga þar sem hámarkstekjur á hvern íbúa miðað við útsvar og fasteignaskatt er 50% umfram meðaltekjur annarra sveitarfélaga. Frá því að löginn voru sett árið 2013 hafa framlög til fimm sveitarfélög verið skert úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna framangreinds ákvæðis í tekjustofnalögnum.

Á síðustu árum hefur Skeiða- og Gnúpverjahreppur færst nær þessu marki en á árinu 2022 var hlutfallið hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi komið í 44% af meðaltekjum. Haldi þessi þróun áfram mun hlutfallið fara yfir 50% sem hefur þau áhrif að skerðing verður á fasteignaskattsframlagi og framlögum vegna reksturs grunnskóla. Sveitarfélagið fær ekki útgjaldajöfnunarframlag vegna tekjuskerðingar í því framlagi. Á árinu 2023 eru umrædd framlög áæthluð 127 m.kr.

Af hálfu sjóðsins verður fylgst með þróun tekna sveitarfélagsins á þessu ári og áhrif þróunarinnar á framlög úr sjóðnum. Væntanlega mun koma í ljós í ágúst/september þegar tekjur af útsvari og fasteignasköttum liggja fyrir hvort hlutfallið fari yfir 50% á þessu ári. Hámarkstekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps þurfa að hækka að lágmarki um 5 prósentustig umfram meðaltekjur til að það raungerist.

Óski fulltrúar sveitarfélagsins eftir fundi með fulltrúum ráðuneytisins verður brugðist jákvætt við þeiri ósk.